

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Þorsteini Víglundssyni um launabreytingar hjá ríkisforstjórum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hafa orðið einhverjar launabreytingar hjá ríkisforstjórum í kjölfar bréfs sem ráðherra sendi 12. febrúar sl. til stjórnna allra fyrirtækja í ríkiseigu og Bankasýslu ríkisins vegna launahækkana framkvæmdastjóra? Ef svo er, hverjar hafa þær breytingar verið?

Upplýsingar um launakjör framkvæmdastjóra félaga í ríkiseigu og launabreytingar á árinu eru teknar saman og sýnir eftirfarandi yfirlit heildarlaun, bifreiðahlunnindi og bifreiðastyrkur meðtalinn, í febrúar og apríl sl. og breytingu milli mánaða.

	<i>Febrúar 2019</i>	<i>Apríl 2019</i>	<i>Breyting</i>
Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf.	1.408.658	1.425.658	17.000
Isavia ohf.	2.507.782	2.507.782	–
Íslandsbanki hf.	4.415.187	3.865.187	–550.000
Íslandspóstur ohf.	2.120.941	2.120.941	–
Landsbankinn hf.	3.800.000	3.800.000	–
Landskerfi bókasafna hf.	1.110.868	1.144.087	33.219
Landsnet hf.	2.880.000	2.880.000	–
Landsvirkjun	3.426.962	3.404.996	–21.966
Mátis ohf.	1.472.407	1.472.407	–
Neyðarlínan ohf.	1.572.000	1.572.000	–
Nýr Landspítali ohf.	1.506.023	1.506.023	–
Orkubú Vestfjarða ohf.	1.798.008	1.798.008	–
Rannsókn- og háskólanet Íslands hf.	831.764	831.764	–
Rarik ohf.	1.935.000	1.935.000	–
Ríkisútvarpið ohf.	1.965.041	1.978.518	13.477
Vigdísarholt ehf.	897.279	897.279	–
Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf.	1.336.000	1.336.000	–

Landsbankinn hf. hefur ákveðið að laun bankastjóra ásamt bifreiðahlunnindum verði 3.503.686 kr. frá 1. júní 2019 og er það lækkun um 296.314 kr., en sú breyting kemur ekki fram í yfirliti fyrir ofan.

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. hækkar heildarlaun framkvæmdastjóra um 17.000 kr. frá 1. apríl 2019. Skýring á breytingu er að ráðningarsamningur við framkvæmdastjóra kveði á um að fylgja eigi kjarasamningi VR/SA, sem hækkaði almenn laun um sama í apríl 2019.

Íslandsbanki hf. hefur lækkað heildarlaun bankastjóra um 550.000 kr. frá 1. apríl 2019.

Landskerfi bókasafna hf. kveður á um breytingu að fjárhæð 33.219 kr. og skýringin er breyting á bifreiðastyrk.

Landsvirkjun kveður á um að lækkun á heildarlaunum verði 21.966 kr. sem er fólgið í breyttu mati bifreiðahlunninda.

Ríkisútvarpið hækkar heildarlaun um 13.477 kr. sem skýrist af ráðningarsamningi útvarpsstjóra og að laun fylgi samningi ASÍ/SA.

Ráðuneytið býr ekki yfir miðlægum upplýsingum um laun stjórnenda í félögum í eigu ríkisins. Kallað var eftir upplýsingum um launakjör framkvæmdastjóra og byggt er á svörum sem fyrirtækin hafa veitt fjármála- og efnahagsráðuneyti. Bréf til ráðuneytisins frá félögunum voru birt á netinu 6. mars sl. Að auki senda félögin launaupplýsingar reglulega til ráðuneytisins.